

3. gr.

95

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum óheimilt að flytja út vörur þær, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr. 3. maí

4. gr.

Hafi sérleyfishafar ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti þrjú fyrstu árin, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

96

um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn. 3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Buðlungahöfn við Axarfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.